

Landssamband blandaðra kóra
Kt. 710169- 2929

9. maí 2024.

UMSÖGN.

Landssamband blandaðra kóra styður fyrirbyggjandi frumvarp, sviðslistir (þjóðarópera) mál nr. 936.

LBK vill benda á hve kórastarf er sterkt afl í menningarlífi landsins og að kórar eru ásamt tónlistarskólunum, uppeldisstaður atvinnusöngvara landsins.

Kór sem skipaður er atvinnusöngvurum er mikilvægt atvinnutækifæri og mikilvægt skref til þess að auðga tónlistarlíf og menningu landsins. Allar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við hafa óperuhús sem starfar á föstum grunni og kór sem viðurkenndur er sem atvinna. Óperan sameinar allar listgreinar, veitir fjölmörgum listamönnum í mismunandi greinum, atvinnu og síðast en ekki síst veitir hún ómetanlega listræna gleði til allra þeirra sem koma og njóta þessa listforms.

LBK telur þetta frumvarp síðbúna en gífurlega mikilvæga viðurkenningu á hæfni íslenskra listamanna og um leið sjálfsgöð réttindi listunnenda að eiga þess kost að njóta óperutónlistar hér á landi.

Það er löngu tímabært að listformið ópera fái sama starfsgrundvöll og leiklist.

Stjórn Landssambands blandaðra kóra:

Margrét Bóasdóttir, söngkona og kórstjóri, formaður

Lenka Mateova, organisti og kórstjóri, varaformaður

Kolbrún Einarsdóttir, kórsöngvari, gjaldkeri

Birna Birgisdóttir, kórsöngvari, ritari.

Meðstjórnendur:

Egill Gunnarsson, kórstjóri og tónskáld

Sigrún Stefánsdóttir, kórsöngvari

Svanhvít Traustadóttir, kórsöngvari.